



Reykjavík 29. febrúar 2020

Nefndarsviðs Alþingis
Bt. flutningsmanna 311. máls

Vegna þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð
Reykjavíkurflugvallar, 311. mál

Ágætu flutningsmenn,

Við í stjórn Íslenska flugmannafélagsins (ÍFF) og öryggisnefndar þess (ÖÍFF),
styðjum í einu og öllu fyrirhugaða þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um
framtíð Reykjavíkurflugvallar, 311. mál.

Eins og segir í ályktuninni, þá ítrekum við þá skoðun okkar að við teljum það
vera þjóðþrifamál að koma á þjóðaratkvæðagreiðslu svo framtíð flugvallarins og
starfsemi honum tengdum, ráðist. Ennfremur erum við þeirrar skoðunar að þetta
sé ekki einkamál Reykjavíkurborgar heldur þjóðarinnar allrar.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. stjórnar ÍFF og ÖÍFF,

Vignir Örn Guðnason
Formaður ÍFF

Arnar Rúnar Árnason
Formaður ÖÍFF